

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja
nr. 31, 2. febrúar 1982 með síðari breytingum.

1. gr.

2. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Vatnsskattur skv. 1. gr. skal hlíta eftirfarandi ákvæðum:

- a) Taxi V1 - heimili. Fastagjald kr. 2.808 á ári.
- b) Taxi V2 - allt annað húsnæði. Fastagjald 0,16% af fasteignamati, þó verði lágmarksgjald kr. 5,45 á m³ húss og hámarksgjald kr. 10,90 á m³ húss.

2. gr.

8. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Fyrir öll hús sem tengd eru vatnsveitunni skal greiða heimæðagjald. Heimæðagjald skal vera sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Mælastærð:	kr.:	Viðmiðunarnotkun:
20 mm	34 432,00	500 tonn/ár.
25 mm	36 137,00	1000 tonn/ár.
32 mm	39 120,00	1200 tonn/ár.
40 mm	46 972,00	2000 tonn/ár.
50 mm	55 431,00	3000 tonn/ár.

Fyrir mælastærð meiri en 50 mm skal samið sérstaklega hverju sinni. Ofangreind verð miðast við þá viðmiðunarársnotkun sem getið er um fyrir hverja mælastærð. Sé um meiri notkun að ræða skal gjaldið reiknast upp samkvæmt notkunarhlutföllum, þó skal það aldrei vera meira en 1% af fasteignamatsverði húss.

Hafi endanlegt fasteignamat ekki farið fram, ákveður vatnsveitan gjaldið hverju sinni.

3. gr.

11. gr. gjaldskrárinnar verður svo:

Stofngjöld skulu greiðast á skrifstofu Bæjarveitna Vestmannaeyja.

Breyting þessi á gjaldskránni var samin og samþykkt af bæjarstjórn Vestmannaeyja og staðfestist hér með samkvæmt lögum um aðstoð til vatnsveitna nr. 93/1947 og vatnalögum nr. 15/1923 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 18. janúar 1990.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Pórhildur Línadal.